# Reglur Fjáröflunarnefndar Óðins.

1. Stofnaður er sjóður merktur viðkomandi sundmanni sem alla jafna er komin í Höfrungahóp. Sjóðurinn er í yfirumsjón fjáröflunanefndar, en stjórn Óðins áskilur sér rétt til að ganga að sjóði sundmanns ef viðkomandi er í vanskilum við félagið. Ágreiningsmál sem upp kunna að koma eru afgreidd af stjórn Óðins.

2. Sjóð þennan skal sundmaður nota til greiðslu á þáttöku í sundmótum og æfingabúðum á vegum félagsins.

3. Afrakstur af hverju fjáröflunarverkefni er skipt niður á þá sundmenn sem taka þátt, og er hluti sundmanns færður inn á sjóð hans/hennar.

4. Ef um einstaklingfjáraflanir er að ræða fær viðkomandi sundmaður allan afrakstur lagðan inn á sinn sjóð.

5. Fjáraflanir geta verið að hluta eða heild í þágu sundfélagsins og skal það tekið fram hvernig málum er háttað áður en fjáröflun fer fram.

6. Fé er aldrei greitt úr sundsjóði.

7. Ef sundmaður hættir að æfa hjá félaginu missir hann allan rétt til að nýta sjóðinn. Sé sundmaður í vanskilum við félagið áskilur félagið sér rétt til að nýta inneign til uppgjörs. Ef ekki er um vanskil að ræða er heimilt að sjóður sé fluttur á milli systkina.